

LISTIR

Hnoss og grýla

TÓNLIST

Sigurjónssafn

FIDLUTÓNLEIKAR

Verk eftir J.S. Bach og Karólínu Eiríksdóttur (frumfl.). Hlíf Sigurjónsdóttur, fiðla. Myndlistarsafni Sigurjóns Ólafssonar, þriðjudaginn 24. júní kl. 20.30.

HINAR sex partítur og sönötur Bachs frá Köthenárunum fyrir fiðlu án undirleiks eru meðal stærstu furða tónbókmennta. Erfiðlega hefur gengið að skýra praktískan tilgang þeirra, því kröfurnar sem þær gera til flytjandans voru og eru varla af þessum heimi, og vandséð hvaðan uppfærsluhefð af þeirra gráðu ætti að vera komin á tilurðartíma. Eins og sagði í stuttum en velskrifuðum tónleikaskrártexta þykir líklegt að Bach hafi hugsað tónsmíðarnar sem lærdómsríkar æfingar fyrir fiðluleikara. Enda má til sanns vegar færa, að Bach var öðrum þræði mjög „dídaktískt“ þenkjandi höfundur – invensjónirnar og Veltempraða hljómborðið eru meðal frægna dæma – og þá ekki aðeins hvað varðar spiltækni, heldur einnig tónsmíðafærni. Þar sem einleiksfíðluleikar eiga í hlut hefur fyrirmynd Bachs skilað sér til fjölda seinni tíma tónhöfunda (nefna mátti t.d. Ysaye og Bartók), og sem prófsteinn á leikni og túlkunarhæfileikum standa enn þann dag í dag engin önnur einleiksfíðluleikar ofar þessum sex gimsteinum frá 1720.

Fiðluleikurum hefur löngum staðið nokkur stuggur af téðum verkum sem eðlilegt er, enda eru þau tiltölulega sjaldséð á reykviskum tónleikaskrá. En framfarir í íslenskum hljóðfæraleik hafa verið gífurlegar á undanföllum áratugum, og kannski er ekki sízt til marks um það, þegar „tutti“-fiðlari úr Sinfóníuhljómsveitinni sem ekki hefur lagt einleiksbrautina sérstaklega fyrir sig ræðst á garðinn þar

sem hann er hæstur. Í því samhengi var frammistaða Hlíf Sigurjónsdóttur á fjölsóttum tónleikum í Laugarnesi sl. þriðjudagskvöld verulegur sigur, jafnt fyrir hana sjálfa sem fyrir strengjaleikarastétt landsins almennt.

Upphitunarverkið var E-dúrpartítan (nr. 3), e.t.v. árennilegasta stykkið af öllum sex. Hressilegt prelúdiustefið með fallandi ferhljómi í fyrstu 2 tóktum og vívaldisku *ondeggjando*-skoppi í 3. er svo smitandi fjaðurmagnað að Bach notaði það oft en einu sinni í öðrum verkum, auk þess sem ýmsir hafa síðar orðið til að útsetja prelúdiuna fyrir aðskiljanlegustu áhafnir. Hlíf lék hana á góðum hraða með vel mótaðri bergmálsdýnamík. Loure-þáttinn lék hún mjög fallega með döprum undirtóni og öruggum tvígripum, og mótaði einnig Menúettana tvo vel, sérstaklega hinn síðari. „Ekkóin“ dattu nokkuð upp fyrir í Bourrée-þættinum, en lokapátturinn (Gigue) steinsmall með leiftrandi sveiflu, þrátt fyrir smáslys í lokin, og var yndislega laus við hið yfirdrifna rúbató sem nú virðist í tísku að troða inn í jafnvel dansþætti Bachs. Burtséð frá einstaka óvæntri gloppu var spilið í heild öruggt og sannfærandi.

Karólína Eiríksdóttir samdi Hugleiðingu fyrir einleiksfíðlu fyrir Hlíf í fyrri, og var hún nú frumflutt. Verkið er í einum kafla, fremur stutt og – eins og nafnið bendir til – fremur innhverft í anda; með orðum tónleikaskrár „byggt á hugmyndum sem þróast áfram og birtast í ýmsum myndum, eins konar tilbrigði án stefis.“ Þó að verkið væri víða kröfuhart, t.a.m. í inntónun þegar tónbil gerðust stórstíg, þar það annars lítt keim af virtúóskri tæknisýningu. Oftlega fékk maður á tilfinningu að verið væri að lýsa e.k. „samтали“ tveggja ólíkra persóna, sem birtust m.a. í andstæðum staccatö- og le-

gatóleik, og eins og í öllum innlifudum samræðum hitnaði mönnum í hamsi, áður en allt féll í ljúfa löð að lokum. Önnur verk Karólínu hafa að vísu sagt undirrituðum meira en þetta, en samt var heildstæður þokki yfir tónsmíðinni, og leikurinn bar vott um töluverða yfirlegu.

Tónleikunum lauk með 2. Partítu Bachs í d-moll, sem hefur þann eina galla ef svo mátti kalla að vera „bakþungt“, því hin fræga loka-chaconna er lengri í síðum talið en allir hinir þættirnir samanlagt, 6 af 11 alls. Í fyrri þáttum verksins gekk Hlíf bezt í Allemöndunni (I.), þar sem leikurinn var gæddur þokka þess er kann að gefa sér svigrúm til að forma, svo og í Gíggunni, er rann létt og lipurt með dágóðri sveiflu, þó að einleikarinn hefði þurft að rífa sig upp úr minnisgloppu af aðdáunarverðum viljastyrk í lok Saraböndunnar næst á undan.

Chacannon mikla, hnoss og grýla allra fiðluleikara, er ekkert lamb að leika sér við. Þegar menn hafa loks brotið sér leið yfir tæknipróskulda hinna 64 tilbrigða um hljómaröð við hnigandi þrúbassastef, hefst glíman við að byggja upp heildarstrúktúr í styrk og blæ, og hefur mörgum orðið fótaskortur á hvoru tveggja, hreint burtséð frá því hvort líkamlegt úthald endist til eður ei. Það kom því minna á óvart að einleikaranum skyldi stöku sinnum fatast flugið yfir gímaldið en að jafn margt skyldi heppnast jafn vel og raun bar vitni, t.d. þegar dúrtilbrigðin hófust undir miðju, eða í *bariolage*-tilbrigðunum nokkru síðar. Helzt saknaði maður þó löngu *crescendó*anna tveggja sem ákveðin hefð er fyrir. Fylgjendum „upphaflegs“ flutningsmáta kann að þykja þau óþarfa íhlutun úr rómantíkinni – en í löngu verki sem þessu mynda þau svipmikla hápunkta sem fæstir vilja vera án.

Ríkarður Ö. Pálsson

Karлакórinn Stefnir í Búdapest

KARLAKÓRINN Stefnir úr Mosfellsbæ og Kjós flutti Sálumessu eftir Franz Liszt í Matthíasarkirkjunni í Búdapest 24. júní sl.

Fjölmenni var á tónleikum, enda ekki á hverjum degi sem Sálumessa Liszt er flutt í heild, jafnvel í heimalandi tónskáldsins, segir í kynningu. Flutningur verksins þótti takast afar vel. Var hrifning áheyrenda svo mikil að þeir klöppuðu flytjendum lof í löfa, enda þótt slíkt tíðkast alls ekki í kaþólskum kirkjum.


Einsöngvarar með kórnum eru Garðar Thor Cortes, Gísli Magnússon, Eiríkur Hreinn Helgason og Stefán Jónsson. Organleik annast Ferenc Utassy og fimm ungverskir tónlistarmenn leika á trompet, básúnur og pákur. Stjórnandi er Lárus Sveinsson, sem stýrjað hefur kórnum um árabil.

Kórinn heldur tónleika í Vín á næstu dögum, bæði fyrrnefnda Sálumessu og tónleika með íslenskum sönglögum.

Opinni sýningu að ljúka

„OPIN sýning“, sem boðað var til í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b, er að ljúka og er þetta síðasta sýningarhelgi. Öllum var boðið að koma og setja upp verk á meðan húsrúm leyfði og sýna fjölmargir listamenn verk sín í safninu.

Gestur safnsins í setustofu úr röðum Félags íslenskra myndlistarmanna er Ásgerður Búadóttir.



TÓVINNA og vefnaður hefur löngum verið stundað í Húsinu á Eyrbakka.

Ullarvinna í Húsinu á Eyrbakka

KONUR frá ullarverkstæðinu á Pingborg koma í heimsókn og vinna úr ull í Byggðasafni Árnesinga í Húsinu á Eyrbakka laugardag og sunnudag milli kl. 14-17.

Mikil hefð hefur verið fyrir tóvinnu og vefnaði í Húsinu í gegnum tíðina. Um Eyrbakkaverslun fór einnig ull bændna af öllu Suðurlandi til útflutnings, bæði óunnin ull auk tóskapar frá heimilunum – vefnaður á árum áður en síðar einkum þrjónles.

Pingborgarkonur, sem hafa aðsetur í gamla skólalúsinu í Hraungerðishreppi, hafa um árabil unnið að því að endurvekja og viðhalda ullarvinnslu í margvíslegu formi.

Þær hafa líka hvatt til betri meðferðar ullarinnar, eins og Eyrbakkakaupmenn, sem létu sér annað um þessa útflutningsvöru. Eru því Pingborgarkonur kærkomnir gestir í Húsið þessa helgi, segir í kynningu.

ERLENDAR BÆKUR

SONURINN SEM HVARF

Jacquelyn Mitchard: Bak við ystu sjónarrönd „The Deep End of the Ocean“.

Viking, 1996. 434 s.

Sjónvarpskonan Oprah Winfrey gerði skáldsöguna „The Deep End of the Ocean“, sem fær íslensku þýðinguna Bak við ystu sjónarrönd þegar hún kemur út hjá Vöku-Helgafelli síðar á árinu í þýðingu Björns Jónssonar, að metsölubók í Bandaríkjunum þegar hún hvatti áhorfendur sína til þess að lesa hana.

Þeir tóku við sér svo um munaði. Viking forlagið prentaði aukalega 640.000 eintök og níu dögum síðar var sagan komin á topp bandarísku metsölulista. Höfundur hennar óvæntu metsölubókar, Jacquelyn Mitchard, var gerð samlega óþekktur enda var um fyrstu bók hennar að ræða en hún hóf að skrifa hana eftir að eiginmaður hennar lést úr krabbameini fyrir nokkrum árum. Segir Mitchard, sem er lausráðin blaðamaður á fimmtugsaldri í Madison í Wisconsin, að hún byggir söguna á draumi sem hana dreymdi. Hún fjallar um viðbrögð foreldra og systkina í fimm manna fjölskyldu þegar yngsta barninu er rænt úr hótelanddyri.

Varla er hægt að ímynda sér auðveldari og vandmeðfarnari aðferð til þess að grípa athygli lesandans og halda henni en lýsa áhrifum barnsráns á aðstandendur og oft er mjög óþægilegt að lesa Bak við ystu sjónarrönd. Aðferðin er auðveld vegna þess að eðli málsins samkvæmt þarf höfundurinn nær ekkert að hafa fyrir því að setja hnút í maga lesandans með átakanlegum sorgarviðburði og herða þangað til hann verkjar. En það er jafnaðvælt að misbjóða tilfinningum hans með ódýrum meðölum reyfarans. Mitchard tekst að forðast þær gryfjur. Sagan er eitthvað annað og meira en spennusaga þótt hún búi yfir mörgum einkennum hennar (bíótrýllir eins og „Ransom“, sem fjallar einnig um barnsrán, er hlægilega einfaldingsleg í samanburði). Hún er saga um fjölskylduharmleik og lýsir af sterku innsei missinum sem sérstaklega móðirin upplifir – hún kennir sér um hvernig fór – og hvernig eldri sonurinn á heimilinu finnur fyrir höfnun móður sinnar, sem aðeins er skugginn af sjálfri sér eftir atburðinn. Hvernig faðirinn bregst við sonarmissinum og þunglyndi eigin konunnar og áhrifunum sem ránið hefur á nánasta fjölskyldafólk. Einnig hvernig vinir, lögreglan og samfélagið bregst við. Fórnlömbin eru ófá í hildarleik sem þessum.

Mitchard velur tvö sjónarhorn á atburðina. Annarsvegar sjáum við þá gerast með augum Beth, móðurinnar, sem lítur andartak af þriggja ára gömlum syni sínum, Ben, í anddyri hótelsins þar sem á að halda 15 ára afmæli menntaskólaárgangsins hennar. Mitchard lýsir í smáatriðum fyrstu mínútnum eftir ránið, klukkustundinni, klukkustundunum, fyrsta hálfu

sólarhringnum, fyrsta sólarhringnum, fyrstu dögnum, vikunum, mánuðunum og árunum sem Beth lifir sonarmissinn á mjög svo raunsæjan hátt. Þetta er oft grimmileg lesning og átakanleg en líka full af skilningi og samúð. Lesandinn fylgir móðurinni niður í það svartasta þunglyndi sem vænta má að kona í hennar kringumstæðum getur sokkið í þar til hún verður nánast lifandi dauð. Mitchard vinnur mæta vel úr hugsunum hennar og öllum þeim tilfinningum sem brjótast um í henni en



FYRSTA bókin; bandaríski rithöfundurinn Jacquelyn Mitchard.

höfundurinn segist hafa viljað skrifa um fólk sem þyrfti að lifa af atburð sem ekki væri hægt að lifa af. Eftirmáli atburðarins er einnig séður með augum eldri sonarins á heimilinu, Vincents, sem heldur er ekki laus við sektarkennd og finnur að það er hvergi pláss fyrir hann í lífi móðurinnar og hann fjarlægist fjölskylduna smám saman en á annan hátt en móðirin.

En Mitchard gerir meira en að lýsa barnsráni og eftirmálum þess. Hún notar atburðinn til þess að kryfja fjölskylduvandamál sem kannski margir kannast við og samskipti innan fjölskyldu sem fá að þróast í átt til eyðileggingar. Ránið var þó það sem seldi bókina. Höfundurinn hafði ekki lokið við nema um 100 síður þegar hún seldi Viking-forlaginu söguna fyrir hálfa milljón dollara. Hollywood tók fljótlega við sér og kvikmyndarétturinn var seldur framleiðandanum Peter Guber og leikkonunni Michelle Pfeiffer fyrir 300.000 dollara. „Ef eitt af mínum börnum létist,“ segir Jacquelyn Mitchard, „mundi ég fara inn í skáp hjá mér og tyggja á regnkápu minni það sem eftir er. Eg meina það. Ástin á manns börnunum er eins og ást í þrjúhundraðasta veldi.“

Mitchard er ein af fjölmörgum höfundum sem senda frá sér sína fyrstu bók og fá fyrir hana milljónir króna. Aðrir í þeim flokki eru m.a. Amy Tan og Robert James Waller, sem skrifuðu metsölubók í fyrstu tilraun. Mitchard minnst þess að hún hafi verið í skýjunum þegar henni hafði tekist að selja þessa sína fyrstu bók en fljótlega tóku að hrannast upp skýjabakkarnir. Hún átti eftir að skrifa bókina. Þannig ganga kaupin fyrir sig á eyri ameríska bókmenta. Það má óska Mitchard til hamingju með að hún lauk bókinn með láði.

ARNALDUR INDRÍÐASON